

og 177. grein hegningarlaganna, þar stúlkan virðist að hafa verið 12 ára, er ákærði fór að tæla hana til saurlifnaðar, og virðist þá hegningin einkum vegna þess, hve ung stúlkan var, hæfilega metin til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga. Svo ber ákærða og að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn fyrir flutning málsins 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins við undirrjettinn hefur verið víta-
laus, og flutningur þess fyrir yfirdóminum lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Einar Grímsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga; svo ber honum og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. ágústmán.

Nr. 5/1876: Jón Hannes Jóhannesson
 gegn
 síra Arnljóti Ólafssyni.

Dómur.

Mál þetta er höfðað í hjerði af beneficiarius að Bægisá, síra Arnljóti Ólafssyni, gegn Jóni Hannessyni, eiganda jarðarinnar Garðshorns, út af ágreiningi um landamerki milli nefndra jarða, og var dómur uppkveðinn í því fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 14. septbr. f. á. af sýslumanni St. Thorarensen með tilkvöddum meðdómsmönnum. Þessum dómi hefur Jón Hannes Jóhann-

esson áfrýjað fyrir yfirdóminn, og krafizt fyrst og fremst, að dómurinn verði dæmdur ómerkur, og málinu verði vísað heim aptur í hjerað til nýrrar dómsáleggingar, eptir að sjer hafi gefizt kostur á að flytja vörn í því, og hefur hann stutt þessa aðalkröfu sína á þeim ástæðum, er nú skal greina.

Hið fyrsta rættarhald í málinu fór fram að Bægisá 28. ágústmán. f. á., og er sækjandi þá hafði lagt fram ýms skjöl og skilríki, þar á meðal 2 lögfestur, sem ekki eru ritaðar í dómsgjörðunum, og sett fram rjettarkröfu sína, var hinum stefnda eptir beiðni hans veittur viku frestur til að útvega ýms skjöl, er hann ætlaði að leggja fram. Hið næsta rjettarhald fór fram viku seinna (4. septbr.) á Akureyri, sem hvorki er varnarþing jarða þeirra, sem þrætan er um, nje málspartanna, og án þess nokkurt samkomulag, að því sjeð verður af dómsgjörðunum, hafi þar um gjört verið milli málspartanna. Hinn stefndi mætti ekki á þessu þingi, en dómarrinn lagði fram ýms skjöl, er honum höfðu borizt frá stefnda, og tók síðan málið upp til dóms eptir kröfu sækjanda, sem hafði látið mæta af sinni hendi. Síðan var dómur upp kveðinn í málinu, áður en frestur sá var liðinn, sem lögboðinn er í tilsk. 15. ágúst 1832, 9. gr. smbr. 14. gr., og það þing haldið að Möðruvöllum í Hörgárdal, sem heldur ekki er varnarþing nefndra jarða nje málspartanna. Loks hefur áfrýjandinn tekið fram, kröfu sinni til styrkingar, að kæran til sátta-nefndarinnar ekki, að því sjeð verður af dómsgjörðunum, hafi verið lögð fram fyrir undirrjettinum, og að annar málspartanna hafi lagt fram fyrir undirrjettinum skriflegt vottorð, gefið af einum meðdómsmannanna um ágreiningsefnið, svo að þessi meðdómsmaður hafi orðið að dæma um sönnunarafi og trúanlegleik síns eigin vottorðs. Hinn stefndi hefur samlagað sig aðalrjettar-

kröfu áfrýjandans af sömu ástæðum, að því við bættu, að málið sje alveg óupplýst, og afstöðuuppdráttur sá, sem lagður hefur verið fram fyrir undirrjettinum, sje svo fráleitur, að á honum verði engin fótfasta fundin.

Með því að málspartarnir þannig hafa verið samhuga um að krefjast, að dómur undirrjettarins verði dæmdur ómerkur, og málinu vísað heim aptur í hjerað til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, ber að taka þessa kröfu þeirra til greina, og virðist málskostnaður eptir þessum úrslitum málsins eiga að falla niður fyrir báðum rjettum.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn í máli þessu á ómerkur að vera og vísast málinu heim aptur í hjeraði til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Nr. 22/1876:

Rjettvísinn

gegn

verzlunarstjóra Fr. Sörensen.

Dómur.

Eptir vitnaleiðslu þeirri, er farið hefur fram í máli þessu, má álíta það nægilega sannað, að hinn 20. desembermán. f. á. á áliðnum degi kom Þóroddur nokkur Sigurðsson frá Úlfstaðahjáleigu í Rángárvallasýslu seint á degi inn í Austurbúðina á Vestmannaeyjum, og var lítið eitt kenndur; það hann þá verzlunarstjóran þar, Friðrik Sörensen, að selja sjer einn pela af brennivíni, en Sörensen neitaði honum um það, og skipaði honum tvisvar sinnum að fara út úr búðinni, og er hann eigi gegndi því, sló Sörensen hann í andlitið, svo hann fjekk blóðnasir, og rak hann út. Daginn eptir kom Þóroddur